

## Fundargerð 37. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga

Haldinn í fjarfundi 26. maí 2021 kl 14.00.

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Hólfríður Vala Svavarsdóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Kristján G. Jóakimsson, Marzelíus Sveinbjörnsson, Shiran Þórisson og Þórir Guðmundsson. Auk þeirra sat fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður kynnti í upphafi að stjórnarmaðurinn Ágústa Ýr Sveinsdóttir hafi með tölvupósti 21. maí s.l. sagt sig úr stjórn Vestfjarðastofu frá og með þeim degi. Ekki náðist að boða varamann í hennar stað.

Boðuð dagskrá fundarins;

### Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Ársfundur Vestfjarðastofu
  - a. Ársskýrsla lögð fram til kynningar
  - b. Dagskrá lögð fram til kynningar
2. Stjórn Bláma
3. Endurskoðun samþykka Vestfjarðastofuf
4. Lagt fram til kynningar - VFS:
  - a. Umhverfissjóður sjókvíaeldis - samantekt
  - b. Ársskýrsla Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020 - <https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/arlegar-greinargerdir-2020-lokaskjal.pdf>
  - c. Brothættar byggðir - ársskýrslur 2020
    - i. Áfram Árneshreppur <https://www.vestfiridir.is/static/files/AframArneshreppur/arsskyrsla-afram-arneshreppur-2020.pdf>
    - ii. Öll vötn til Dýrafjarðar <https://www.vestfiridir.is/static/files/OVD/arsskyrsla-oll-votn-til-dyrafjardar-f.-ar-2020...pdf>
    - iii. Sterkar Strandir [https://www.vestfiridir.is/static/files/Sterkar\\_Strandir/arsskyrsla-2020-stst.pdf](https://www.vestfiridir.is/static/files/Sterkar_Strandir/arsskyrsla-2020-stst.pdf)

### Fundur stjórnar FV

5. Undirbúningur Fjórðungspings Vestfirðinga.
6. Lagt fram til kynningar
  - a. Fundargerð 118. stjórnarfundar Austurbrúar 19. mars 2021 - [https://austurbru.is/wp-content/uploads/2021/05/1\\_Fundargerd118\\_stjornarfundur.pdf](https://austurbru.is/wp-content/uploads/2021/05/1_Fundargerd118_stjornarfundur.pdf)
  - b. Fundargerð 161. fundar SSV 28. apríl 2021 - <https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/05/161-fundur-stjornar-SSV-fundargerd.pdf>

- c. Fundargerð 66. fundar stjórnar SSNV 4. maí 2021 - <http://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-66-fundar-stjornar-ssnv-4-mai-2021>
- d. Fundargerð – 26. Fundur stjórnar SSNE 5. maí 2021 - <https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-26-fundur-5-mai-2021>
- e. 569. stjórnarfundur SASS. 7. maí 2021 - <https://www.sass.is/569-fundur-stjornar-sass-2/>
- f. 768. Stjórnarfundur SSS 28. apríl 2021 - <https://sss.is/blog/fundir/768-stjornarfundur-sss-28-april-2021/>
- g. 522. fundur stjórnar SSH 3. maí 2021- [http://ssh.is/images/stories/fundargerdir\\_stjornar/2021\\_/Stjorn\\_SSH\\_524\\_fundur\\_2021\\_05\\_03.pdf](http://ssh.is/images/stories/fundargerdir_stjornar/2021_/Stjorn_SSH_524_fundur_2021_05_03.pdf)

#### 7. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir  
Umsögn um Landsskipulagsstefnu, mál 705, þing
- b. Umsagnarbeiðnir

#### Gögn:

- a. Ársskýrsla Vestfjarðastofu - er í uppsetningu þannig að framsetning breytist en er sett inn í gögn sem drög fyrir stjórn.
- b. Tenglar á skýrslur Brothættra byggða og Sóknaráætlunar sjá lið b & c (VFS) lagt fram til kynningar
- c. Upplýsingar og gögn ársfundadags: <https://www.vestfirðir.is/is/gogn-fyrir-vorthing-2021>
- d. Umhverfissjóður sjókvíaeldis - samantekt

#### Gengið til dagskrár

1. Ársfundur Vestfjarðastofu
  - a. Ársskýrsla lögð fram til kynningar

Framkvæmdastjóri kynnti ársskýrslu fyrir árið 2020 sem lögð verður fyrir ársfund Vestfjarðastofu þann 2. júní n.k.. Ársskýrslan er einnig skýrsla til sveitarfélaga á Vestfjörðum, Byggðastofnunar, Ferðamálastofu og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til máls tóku, Shiran og Jóhanna.

- b. Dagskrá lögð fram til kynningar

Dagskrá ársfundar lögð fram til kynningar, dagskráin er samkvæmt samþykktum Vestfjarðastofu. Formaður kynnti að undir liðnum önnur mál, verði kynnt vinna varðandi breytingar á samþykktum stofnunarinnar og óskað eftir að ársfundi verði frestað til haust til að leggja fram tillögur að breytingum. Tillagan samþykkt samhljóða.

Rætt um kosningu stjórnar en starfsháttarnefnd fer með þá tillögu.

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir kynnti að hún mun ekki sækjast eftir endurkjöri í stjórn.

## 2. Stjórn Bláma

Ákvörðun um skipan stjórnarmanns frá Vestfjarðastofu í stjórn Bláma. Stjórn Bláma skipa þrjár aðilar og hafa Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða skipað fulltrúa sína. Formaður skýrði frá skipan í stjórnir álfka verkefna í öðrum landshlutum. Vegna jafnréttis laga verður stjórnarmaður að vera kona en fulltrúar Landsvirkjunar og Orkubús eru karlar.

Til máls tóku. Jóhanna, Kristján Jón, Marzelíus, Shiran, Iða

Tillaga kom fram um að skipa Sigríður Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra sem fulltrúa í stjórn Bláma.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Sigríður hefur settið í framkvæmdastjórn Bláma og við skipan í stjórn Bláma gengur hún úr framkvæmdastjórn. Tillaga kom fram um að skipa Kristján Jón Guðmundsson, stjórnarmann í framkvæmdaráð Bláma.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 3. Endurskoðun samþykkt Vestfjarðastofu

Formaður ræddi þau skref sem tekin hafa verið varðandi að endurskoðun samþykkt Vestfjarðastofu. Að þeirri vinnu hafa komið auk hennar Kristján Jón Guðmundsson og Shiran Þórisson. Einnig hafa framkvæmdastjóri og sviðsstjóri settið fundi nefndarinnar.

Haldinn hefur verið fundur með formanni og framkvæmdastjóra Austurbrúar til fara yfir samþykktir Austurbrúar og SSA og hvernig stjórnsýslulegt samband væri milli þessara aðila og samband við atvinnulíf.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu samanburð á samþykktum Vestfjarðastofu og Austurbrúar og hugmyndir að breytingum.

Formaður setti fram tillögu að þessar hugmyndir að breytingum yrðu kynntar á ársfundi og yrði ársfundi síðan frestað til hausts til endanlegrar afgreiðslu. Í millitíðinni yrði efni tillagnanna kynnt fyrir fulltrúarráði og öðrum fulltrúum atvinnulífs og menningar.

Til máls tóku auk framsögumanna. Shiran, Þórir,

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 4. Lagt fram til kynningar - VFS:

### a. Umhverfissjóður sjókvíaeldis – samantekt

Lögð fram til kynningar vinnuskjal um úthlutanir og ramma á starfsemi Umhverfissjóðs sjókvíaeldis. Stjórn lýsir ánægju með þessa vinnu. Rætt um hvernig staðið verði að kynningu og samtali við úthlutunarnefnd sjóðsins, stofnanir og aðra aðila. Ákveðið að fresta birtingu fram yfir ársfund Vestfjarðastofu.

Til máls tóku Iða, Jóhanna, Shiran, Sigríður, Kristján,

### b. Ársskýrsla Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020 -

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/arlegar-greinargerdir-2020-lokaskjal.pdf>

Lagt fram til kynningar en um er að ræða ítarlegri skýrslur en í til fjármögnunaraðila

### c. Brothættar byggðir - ársskýrslur 2020

- i. Áfram Árneshreppur. Lagt fram til kynningar.  
<https://www.vestfiridir.is/static/files/AframArneshreppur/arsskyrsla-af-arneshreppur-2020.pdf>
- ii. Öll vötn til Dýrafjarðar. Lagt fram til kynningar.  
<https://www.vestfiridir.is/static/files/OVD/arsskyrsla-oll-votn-til-dyrafjardar-f.-ar-2020...pdf>
- iii. Sterkar Strandir. Lagt fram til kynningar.  
[https://www.vestfiridir.is/static/files/Sterkar\\_Strandir/arsskyrsla-2020-stst.pdf](https://www.vestfiridir.is/static/files/Sterkar_Strandir/arsskyrsla-2020-stst.pdf)

Formaður tók til máls og þakkaði fyrir hönd stjórnar störf Hólmsfríðar Völu og Ágústu í stjórn Vestfjarðastofu.

### Fundur stjórnar FV

#### 5. Undirbúningur Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Dagskrá og gögn 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga – vor hafa verði send út í samræmi við gefna fresti í samþykktum að því undanskildu að tillaga liggur ekki fyrir um dagsetning og efni Fjórðungsþings Vestfirðinga – haust.

Formaður óskaði eftir umræðu og hugmyndum stjórnar að efni þingsins.

Eftirfarandi hugmyndir komu fram.

- Innviðamál á Vestfjörðum. Vegamál, raforkuöryggi, hitaveitumál, húsnæðismál. Tenging við umhverfismál.
- Verkefni ríkis og sveitarfélaga. Þegar ríkið (Alþingi) setur ný verkefni á sveitarfélögin án þess að því fylgi fjármagn. Barnavernd. Stytting vinnuvikunnar. Málefni fatlaðra (þjónusta sveitarfélögin greiði foreldrum) og Byggðaáætlun.
- Grunnskólamál. Aukið samstarf grunnskóla á Vestfjörðum.
- Aukið samstarf um þjónustu sveitarfélaga við íbúa á sviði skóla og velferðamála. s.s. barnaverndarmála auk þess sem horfa megi til skipulagsmál o.fl.
- Aukið samstarf sveitarfélaga á sviði þjónustu við grunn og leikskóla.

Á samkvæmt dagskrá þingsins er liðurinn önnur mál. Formaður lagði til að undir liðnum önnur mál yrðu kynntar hugmyndir að breytingum á samþykktum FV og þingsköpum Fjórðungsþings. Rætt um efnið máls. Lagt til að kynna málið á vorþingi og óska eftir umboði til stjórnar að halda vinnu fram að haustþingi.

Tillagan samþykkt.

#### 6. Lagt fram til kynningar

- a. Fundargerð 118. stjórnarfundar Austurbrúar 19. mars 2021 -  
[https://austurbru.is/wp-content/uploads/2021/05/1\\_Fundargerd118\\_stjornarfundur.pdf](https://austurbru.is/wp-content/uploads/2021/05/1_Fundargerd118_stjornarfundur.pdf)
- b. Fundargerð 161. fundar SSV 28. apríl 2021 - <https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/05/161-fundur-stjornar-SSV-fundargerd.pdf>

- c. Fundargerð 66. fundar stjórnar SSNV 4. maí 2021 - <http://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-66-fundar-stjornar-ssnv-4-mai-2021>
- d. Fundargerð – 26. Fundur stjórnar SSNE 5. maí 2021 - <https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-26-fundur-5-mai-2021>
- e. 569. stjórnarfundur SASS. 7. maí 2021 - <https://www.sass.is/569-fundur-stjornar-sass-2/>
- f. 768. Stjórnarfundur SSS 28. apríl 2021 - <https://sss.is/blog/fundir/768-stjornarfundur-sss-28-april-2021/>
- g. 522. fundur stjórnar SSH 3. maí 2021- [http://ssh.is/images/stories/fundargerdir\\_stjornar/2021 /Stjorn SSH 524 fundur 2021\\_05\\_03.pdf](http://ssh.is/images/stories/fundargerdir_stjornar/2021/Stjorn_SSH_524_fundur_2021_05_03.pdf)

#### Umsagnir:

- h. Afgreiddar umsagnir

Lögð fram til staðfestingar umsögn dags 29. apríl s.l., til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis, um þingsályktun um Landsskipulagstefnu, mál 705. Umsögn var áður kynnt í tölvupósti. Umsögn staðfest.

- i. Umsagnarbeiðnir

- i. Hvítbók um Byggðaaáætlun

Lögð fram tilkynning Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis að Hvítbók um byggðamál, mál 115/2021 væri til umsagnar í Samráðsgátt.

Sviðstjóri kynnti umfjöllun starfsmanna Vestfjarðastofu varðandi drög að Hvítbók sem fundað var um með Byggðastofnun í byrjun mánaðarins. Farið yfir efni máls og sviðsstjóra falið að ljúka umsögn á grundvelli umræðu á fundinum.

- ii. Þjóðgarður á Vestfjörðum

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 2. mars s.l., þar sem beint er til umsagnar hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um tillögu að auglýsingu um friðlýsingu þjóðgarðs á Vestfjörðum. Farið yfir drög að umssem sviðstjóri hefur tekið saman. Sviðstjóra falið að ljúka við umsögn á grundvelli umræðu á fundinum.

- iii. Álftafjarðargöng

Beiðni um umsögn frá umhverfis og samgöngunefnd, Alþingis. Þingsályktun um gerð jarðgangna milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar, mál 719.

Samþykkt að senda inn umsögn með vísan til niðurstöðu Jarðgangaáætlun Vestfjarða.

- iv. Þingsályktun um endurskoðun laga og reglugerðarumhverfi sjókvíaleldis mál 640.

Beiðni um umsögn frá umhverfis og samgöngunefnd Alþingis. Samþykkt að senda inn umsögn, sviðstjóra falið að undirbúa umsögn á grundvelli umræðu á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.00.

